



357. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 20. júní 2024 kl. 16:00.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímisson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs sem ritaði fundargerð.

Á Microsoft Teams: Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hjördís Guðmundsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Daníel Jakobsson og Úlfur H. Hróbjartsson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

#### Dagskrá:

##### 1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu þessarar vikunnar, sbr. samantekt skrifstofu sem send var út með fundargögnum.

##### 2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri opnaði umræðu um fjármál.

##### - Uppfærð fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti uppfærða fjárhagsáætlun og fór í gegnum helstu þætti hennar. Helstu breytingar lúta að svæðastöðvum ÍSÍ og UMFÍ, framkvæmdum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og breytingum á uppsetningu ársreiknings ÍSÍ.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða án athugasemda.

##### - Rekstur ÍSÍ

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu reksturs ÍSÍ eftir fyrstu fjóra mánuði ársins. Reksturinn er í jafnvægi.

##### - Fjárhagsstaða sérsambanda ÍSÍ

Framkvæmdastjóri ræddi fjárhagsstöðu sérsambanda ÍSÍ og fór yfir samanburð á rekstrarafkomu þeirra árin 2022 og 2023. Mismunur á afkomu sérsambanda milli ára er neikvæður sem nemur um 420 milljónir króna og eigið fé tveggja sérsambanda er orðið neikvætt. Umræður urðu um málið. Fjármálaráði falið að skoða málið og greina ítarlegar.

##### 3. Vinnuhópar ÍSÍ – staða

Farið var yfir starf vinnuhópa ÍSÍ og stöðu verkefna þeirra. Gerð voru skil á stöðunni hjá vinnuhópi um útbreiðslu og inngilding, vinnuhópi um almenningsíþróttir og lýðheilsu, vinnuhópi um sjálfboðaliða, vinnuhópi um sjálfbærni og vinnuhópi um góða stjórnarhætti.

##### 4. Erindi til ÍSÍ:

##### - FSÍ, þrjú erindi

Lögð fram þrjú erindi frá Fimleikasambandi Íslands, dags. 18. júní sl. sem öll lúta að úthlutunum úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Erindunum vísað til framkvæmdaráðs ÍSÍ til skoðunar og afgreiðslu.

## 5. Málefni dómara

Framkvæmdastjóri skýrði frá óformlegu erindi frá dómara í hópíþrótt varðandi áreiti, hótanir og annan ósóma sem dómarar fá yfir sig á íþróttakeppnum og í kjölfar þeirra. Umræður urðu um málið. Ákveðið var á síðasta framkvæmdastjórnarfundi að koma á fót samráðshópi um málefnið, með aðkomu nokkurra sérsambanda.

## 6. Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála. Tveir starfsmenn hafa þegar hafið störf, aðrir hefja störf í ágúst. Verið er að tryggja húsnæði fyrir skrifstofurnar. Rætt um fyrirkomulag mála á höfuðborgarsvæðinu.

## 7. Ólympíuleikarnir í París 2024

ÍSÍ hefur borist staðfesting á tveimur boðssætum á Ólympíuleikana í París, fyrir Guðlaugu Eddu Hannesdóttur í þríþraut og Hákon Þór Svavarsson í skotfimi. Búið er að staðfesta boðssætin, af hálfu ÍSÍ.

Rætt um þátttöku opinberra aðila í viðburðum tengdum Ólympíuleikunum. Ljóst er að forseti Íslands mun ekki sækja leikana en mögulega sækja ráðherrar frá tveimur ráðuneytum leikana, nokkra daga í senn.

## 8. Málefni afreksíþróttar

Forseti skýrði frá því að þverpólitískur hópur sem kallaður er þingmannanefnd vegna afreksmála, væri að störfum varðandi stöðu afreksíþróttamála og er markmiðið að hópurinn vinni að þingsályktunartillögu fyrir haustið, með áherslu á að tryggja fjárhagslegan stuðning til afreksíþróttar. Fulltrúar ÍSÍ hafa fundað með hópnum og gert vel grein fyrir fjárhagsþörfinni. Bjartsýni ríkir um að þeirri fjárþörf verði mætt með auknu fjármagni í málaflokkinn.

Samþykkt að á ágústfundi framkvæmdastjórnar verði á dagskrá umræða um leika og þátttöku Íslands í ólympískum verkefnum, með tilliti til bæði fjárhags og íþróttalegrar stöðu.

## 9. Starfsskýrsluskil – tillaga um beitingu keppnisbanns

Skil á starfsskýrslum hafa gengið vel. Örfá félög hafa hvorki skilað inn skýrslu né sótt um stuttan frest til skila.

Samþykkt að þau félög sem enn verða í vanskilum 1. júlí næstkomandi verði sett í keppnisbann frá og með þeim degi. Skrifstofu falið að láta viðkomandi félög, héruð og sérsambönd vita.

## 10. Ársþing EOC

Framkvæmdastjóri skýrði frá því helsta af ársþingi EOC sem haldið var í Búkarest í Rúmeníu dagana 6.-7. júní sl. Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi og meðstjórnandi í EOC, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri sóttu þingið. Í tengslum við þingið voru ýmsir fundir haldnir, meðal annars fundur um stöðu hnefaleikaíþróttarinnar í heiminum og óformlegur fundur norrænna íþróttar- og olympíusamtaka. Líney Rut flutti skýrslu EOC EYOF Commission á þinginu en hún er formaður nefndarinnar.

## 11. Heiðranir

Eftirfarandi heiðranir, sem framkvæmdastjórn samþykkti með rafrænum hætti á milli funda, staðfestar:

### UÍA – Heiðursmerkin voru afhent á ársþingi UÍA 2024.

Davíð Sigurðason – Gullmerki ÍSÍ

Auður Vala Gunnarsdóttir – Gullmerki ÍSÍ.

### ÍFR/ÍF – Heiðursmerkin voru afhent á 50 ára afmælishófi félagsins.

Garðar Steingrímsson – Gullmerki ÍSÍ

Óskar Elvar Guðjónsson – Gullmerki ÍSí

Eiríkur Ólafsson – Gullmerki ÍSí

Þórður Ólafsson – Gullmerki ÍSí

Kristján Jónasson – Gullmerki ÍSí

**SKY – Heiðursmerkið var afhent á ársþingi sambandsins 2024.**

Anna Karlsdóttir – Gullmerki ÍSí

**HSÍ – Heiðursmerkið var afhent á ársþingi sambandsins 2024.**

Arnar Kristinn Þorkelsson – Silfurmerki ÍSí

**12. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 356. fundar framkvæmdastjórnar
- Fundar laganefndar ÍSí frá 18. júní sl.  
**Tillögur nefndarinnar að afgreiðslu mála samþykktar samhljóða.**
- 316. fundar Afrekssjóðs ÍSí  
**Tillögur um niðurfellingar vegna ársins 2023 samþykktar samhljóða.**
- Verkefnasjóðs ÍSí frá 20. júní – **Tillögur um afgreiðslu styrkja sbr. fundargerð, samþykktar samhljóða.**
- Samantekt skrifstofu ÍSí
- Skýrsla Hjólað í vinnuna 2024
- Skýrsla frá námskeiði IOA fyrir stjórnendur Ólympíuakademía

**13. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

**14. Næstu fundir**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 4. júlí, 22. ágúst og 12. september nk.

**15. Önnur mál**

*Áfengissala á íþróttaviðburðum*

Rætt um sölu og neyslu áfengis á íþróttaviðburðum. Töluverð umræða varð um málið og þróun mála.

*Ársfundur LÍ*

Ársfundur Lyfjaeftirlits Íslands var haldinn 31. maí sl. í húsakynnum ÍSí. Á fundinum var kosið í stjórn stofnunnarinnar til næstu þriggja ára og er hún þannig skipuð:

Aðalmenn:

- Skúli Skúlason formaður (ÍSí)
- Pétur Sigurður Gunnarsson (ÍSí)
- Helgi Freyr Kristinsson (MRN)
- Hildur Ýr Þórðardóttir (MRN)

Varamenn:

- Pétur Magnússon (MRN)
- Þórunn Margrét Gunnarsdóttir (ÍSí)

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari